

6. fundur stjórnar AP, starfsárið 2013-2014

haldinn að Bakkagötu 10 Kópaskeri miðvikudaginn 25. júní 2014 kl. 13:45.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Haraldur Bóasson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Hvatningarverðlaun 2014

Samþykkt að veita Akurseli ehf. hvatningarverðlaun félagsins að þessu sinni fyrir framúrskarðandi lífræna framleiðslustarfsemi sem byggir á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda héraðsins.

2. Undirbúningur aðalfundar

- Samþykkt að leggja til að Benedikt Björgvinsson á Kópaskeri verði fundarstjóri
- Samþykkt að leggja til að Ari Páll Pálsson, starfsmaður AP verði fundarritari
- Samþykkt að leggja til að þóknun stjórnar miðist áfram við þóknun fyrir nefndarstörf hjá Norðurþingi fyrir setu í „öðrum nefndum“
- Samþykkt að leggja til við aðalfunda að tilboða verði leitað í endurskoðun fyrir félagið og stjórn hafi heimild til að semja við þann aðila sem hagstæðust kjör býður.

3. Endurskoðunarbréf vegna ársreiknings 2013

Lagt fram endurskoðunarbréf frá PWC vegna endurskoðunar ársreiknings félagsins og vaxtarsamnings 2013, dags. 24. júní 2014. Engar athugasemdir eru gerðar vegna ársreikninganna en athygli vakin á hárrí viðskiptaskuld GáF ehf. við félagið.

4. Önnur mál

Fyrir liggur að Björn Víkingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson víkja nú úr stjórn. Voru þeim færðar þakkir samstjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf. Þökkuðu þau einnig samstarfið og óskuðu nýrri stjórn og framkvæmdastjóra velfarnaðar í störfum sínum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00